

Alþingi
Erindi nr. P 132/1659
komudagur 19.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. apríl 2006

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot).

Síminn hf. (Síminn) vísar til bréfs, dags. 27. mars 2006, þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Hér á eftir má sjá þær athugasemdir sem Síminn telur ástæðu til að greina frá.

I. Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940

Engar athugasemdir við 1-3 gr. frumvarpsins.

II. Breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991

Engin athugasemd er gerð við 4. gr. frumvarpsins.

Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að við lög in um meðferð opinberra mála skuli bætast ný grein, 87. gr. a, sem skuli vera svohljóðandi:

1. "Í þágu rannsóknar máls þar sem rafræn gögn geta haft sönnunargildi er lögreglu heimilt að leggja fyrir þann sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að varðveita þegar í stað tölvugögn, þar sem talin gögn um tölvusamskipti

2. Fyrirmæli lögreglu skv. 1. mgr. geta eingöngu tekið til gagna sem þegar eru fyrir hendi. Þar skal koma fram hvaða gögn eigi að varðveita og hve lengi. Fyrirmælin skulu ekki ná til annarra gagna en nauðsynleg eru fyrir rannsóknina, auk þess sem varðveisluskýldu skal markaður svo skammur tími sem unnt er og ekki lengi en 90 dagar."

Að mati Símans vantar að hnykkja á því að í kjölfar fyrirmæla lögreglu um flýttvarðveislu tölvugagna skuli fylgja dómsúrskurður samkvæmt 86. gr. laganna. Eins og ákvæðið er orðað má skilja það svo að ekki þurfi að óska eftir dómsúrskurði til að fá gögnin afhent. Ákvæðið er endasleppt hvað þetta varðar.

III. Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 81 26. mars 2003.

Í 6. gr. frumvarpsins stendur til að bæta við tveimur málsgreinum við 47. gr. fjarskiptalaga og eru þær svohljóðandi: "Þeim sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet er skylt að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild.

Starfsmenn fjarskiptafyrirtækis bera þagnarskyldu um allar aðgerðir sem gripið er til skv. 6. mgr."

Að mati Símans er sú skylda sem greinin leggur á Símann í 1. mgr. ónauðsynleg þar sem að Síminn hefur og mun ávallt í sinni starfsemi verða við tilmælum lögreglu þegar tilmæli hennar styðjast við dómsúrskurð eða lagaheimild. Hér eru frumvarpshöfundar de facto að setja í lög að Síminn eigi að fara eftir lögum og reglum. Óþarft ákvæði sem engum tilgangi þjónar.


Í 2. mgr. leitast frumvarpshöfundar eftir því að tryggja þagnarskyldu starfsmanna Símans þegar kemur að flýtafgreiðslu tölvugagna og meðferð þeirra. Slíkt er óþarft þar sem að þagnarskyldu ákvæði fjarskiptalaganna eru ákaflega skýr og ótvíræð, sbr. 2. mgr. 47. gr. fjarskiptalaganna og þess vegna ástæðulaust að vera endurtaka þessa skýlausu skyldu sem hvílir á öllum starfsmönnum Símans.

Engin athugasemd gerð við 7. gr. frumvarpsins.

IV. Lokaorð

Að lokum vill Síminn vekja athygli á þeirri stöðu sem starfsmenn Símans þurfa að búa við. Starfsmenn Símans hafa ávallt tekið á mótum fyrirmælum lögreglu um hleranir og önnur fjarskipti gegn því að fyrir liggja dómsúrskurður. Oft kemur það fyrir að verið að sé að biðja starfsmenn Símans um upplýsingar úr kerfunum varðandi einstaka glæpi og þessar upplýsingar eru ekki þess eðlis að lögreglan telji ástæðu til að sækja um dómsúrskurð. Þetta eru vafatilvik þ.e.a.s óvíst er hvort að heimilt sé að afhenda þessi gögn án dómsúrskurðar eður ei. Hér eru tengiliðir Símans við lögregluna settir í erfiða stöðu að þurfa að meta hvort að afhending fjarskiptagagna eigi rétt á sér. Verður í því sambandi að hafa í huga að þeir njóta ekki sömu réttarstöðu að lögum og opinberir starfsmenn.

Með hliðsjón af ofangreindu er það mat Símans óheppilegt sé að starfsmenn fjarskiptafyrirtækja séu í auknum mæli falið refsivörsluhlutverk, án þess að bera réttindi eða hafa skyldur sem opinberir starfsmenn. Þess vegna er það mat Símans að lögreglan eigi að taka þennan málaflökk til sín þannig að starfsmenn Símans séu ekki settir í þá erfiðu stöðu sem að framan er lýst. Með því að lögreglan sjái sjálf um að koma hlerun á með eigin búnaði yrði öll framkvæmd einfölduð til muna.

Virðingarfyllst,

f.ú. Símans hf.
Arnar Þór Sævarsson, hdl.